




31. mars
2020

Svæðisskipulag Snæfellsness

Sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi vinna samkvæmt þeirri stefnu að fjölbreytt jarðfræði og lífríki verði áfram aðalmerki Snæfellsness.


Þróun landnotkunar og byggðar taki mið af þeim verðmætum ásamt því að virða menningarminjar og megineinkenni búsetulandslagsins (Svæðisskipulag Snæfellsness 2014 - 2026).



Fríðlýst svæði á Snæfellsnesi Svæðisgarðurinn Snæfellsnes

NÁTTÚRUVERND
Náttúruverndaráætlun 2004-2008 Svæði á náttúruinngjaskrá Fríðlýst svæði Sérleg um vernd Breiðafjarðar
Hanna Umhverfisþing

Það eru ekki hættulegir staðir á Snæfellsnesi en ferðahegðun getur verið hættuleg. Þekking á staðhættum er mikilvæg. Förum varlega en njótum!



Órugg ferðahegðun Svæðisgarðurinn Snæfellsnes

Áskorendahornið

Í kvöld, þriðjudaginn 31. mars 2020, kl. 20 ætlar Sveinbjörg Eyvindsdóttir að bjóða okkur bland í poka, í gegn um fésbókarsíðu sína, beint frá Valabrekku á Hellnum. Efninu verður svo dreift á samfélagsmiðlum Svæðisgarðsins.

Í gærkveldi las Ólína fyrir okkur frumsamið ljóð og þó að við séum svo heppin að búa við tjáningarfrelsi hefði mátt halda að eitthvað eða einhverjir væru að reyna að ritskoða flutninginn, af gefnu tilefni. Við erum náttúrulega komin ansi nálægt Snæfellsjökli á Hellnum og aldrei að vita hvaða kraftar eru þar á sveimi.



Svalpúfa



Saxhöll



Malararfir

Ef ekki viðrar til útiveru er upplagt að skipuleggja heimsóknir í söfn og á sýningar, þegar slíkt verður í boði á ný. Við erum líka rík af menningararfi á Snæfellsnesi. Sumardagurinn fyrsti hefur nú í nokkur ár verið Safna- og sýningadagur á Snæfellsnesi. Þá hefur sérstök áhersla verið lögð á markhópinn Snæfellinga, sem vel að merkja eru sérlega dýrmætir gestir. Við reynum að finna rafræna útfærslu á þessu í ár.

Spurning dagsins um upplifun á Snæfellsnesi: Hvað og hvar er þetta?



Aðgengilegir staðir

Kynning 3

Nú skulum við bregða okkur í þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Meðaldvalarlengd gesta sem heimsækja þjóðgarðinn hefur verið mæld rétt rúmar tvær klukkustundir. Samt vita þeir, sem reynt hafa, að áratugir duga ekki til að skoða allt það sem þar er markvert að sjá. Spurningakönnun sýndi fram á að þeim mun fjær þjóðgarðinum sem íbúar á Snæfellsnesi búa, þeim mun minna vita þeir um hann.

Hafið þið ekki örugglega öll heimsótt gestastofu þjóðgarðsins á Malararfi?

Hún er reyndar lokuð akkúrat núna vegna þessara furðulegu aðstæðna sem ríkja, en salernin eru opin allan sólarhringinn (og þrífín) og náttúran er alltaf opin. Það er upplagt að ganga annað hvort að Löndröngum og jafnvel Svalpúfu eða í vestur og enda t.d. á Djúpálónssandi. Munið að taka með vatn að drekka, hraunin hafa runnið hvert ofan á annað og regnvatn rennur beint í gegn. Aðeins einn lækur rennur til sjávar allt árið í þjóðgarðinum. Stuttar gönguferðir í hrauninu og niður á strönd eru líka í boði. Leiktæki fyrir alla fjölskylduna eru á Malararfi.

Unnar eru verndar- og stjórnunarátlanir fyrir öll fríðlýst svæði og Svæðisgarðurinn hefur fengið að koma að þeirri vinnu hér á Snæfellsnesi s.l. ár, með heimamönnum og öðrum hagsmunaaðilum. Síðustu ár hefur komið stórauikið fjármagn frá ríkinu til uppbyggingar á fríðlýstum svæðum. Rannsóknun fleygir fram og árið 2016 gaf Náttúrufræðistofnun m.a. út tvö efnismikil fjölrit: nr. 54 um Vistgerðir á Íslandi og nr. 55 um Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi.

Á vefnum www.ni.is er að finna aðgengilegan fróðleik um náttúruferðir á Snæfellsnesi.



Gestastofa Þjóðgarðsins



Skarðsvík